

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB

Forgangsmál 2016-2017

Í samræmi við Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar skipaði forsætisráðherra stýrihóp um framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins). Tilgangurinn var að auka skilvirkni í þátttöku Íslands í EES-samstarfinu og meta hvernig hagsmunagæslu af Íslands hálfu verði best háttáð. Meðal tillagna stýrihópsins að úrbótum er að ríkisstjórnin samþykki árlega, að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila, lista yfir þau mál í lagasetningarferli hjá Evrópusambandinu (ESB), sem metin eru sem forgangsmál út frá íslenskum hagsmunum. Sérstaklega verði fylgst með þessum málum, sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda komið á framfæri og reynt að hafa áhrif eftir megni og tilefni, hvort sem er formlega eða óformlega.

Eftirfarandi listi forgangsmála fyrir 2016-2017 hefur verið settur saman í samráði við fagráðuneytin. Hverju máli fylgir rökstuðningur fyrir því að mál sé í forgangi, tilgreint er hvar málið er stadd hjá ESB og lagðar eru til aðgerðir til að hafa áhrif. Annars vegar er um að ræða mál þar sem enn er unnið að stefnumótun og þau því enn á undirbúnings- eða forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB. Hins vegar geta mál verið komin á vinnslustig en þá hefur framkvæmdastjórnin þegar lagt fram tillögur að lagasetningu til ráðsins og Evrópuþingsins. Við gerð listans var m.a. verkáætlun framkvæmdastjórnar ESB fyrir árið 2016 lögð til grundvallar, sem og áætlanir sem EES/EFTA-ríkin gera sameiginlega um EES-samstarfið. Tekið skal fram að málunum er ekki raðað eftir mikilvægi. Við forgangsröðunina hefur verið tekið mið af því að hægt verði að sinna hagsmunagæslu með þeim fjárveitingum og þeim mannafla sem til staðar er í stjórnsýslunni. Þessi forgangsröðun varðar upphaf EES-vinnu stjórnvalda á hverju sviði og gengið er út frá því að áfram verði hugað að þeim hagsmunum sem í húfi eru ef þörf krefur við upptöku viðkomandi gerða í EES-samninginn, t.d. með því að fara fram á aðlaganir.

Forgangslistinn verður endurskoðaður um mitt ár 2017 og verður árangur þá metinn.

Efnisyfirlit

Orkumál	3
Loftslagsmál	4
Samgöngumál	5
Stafrænn innri markaður	6
Fjármálastarfsemi.....	8
Rannsóknir og nýsköpun	8
Betri reglur	9
Vinumarkaðurinn.....	10

Orkumál

- **Löggjafarvinna ESB í tengslum við orkusamband (e. Energy Union) og orku- og loftslagsstefnu til 2030**

Rökstuðningur

Eitt af grundvallaratriðum orkusambandsins (e. *Energy Union*) er aukið orkuöryggi og því fylgir aukin áhersla á sjálfstæða orkuframleiðslu ríkjanna og bættu innviði eða tengingar milli ríkja sambandsins.

Ef áfram verða rekin styrkjakerfi fyrir endurnýjanlega orku eru hagsmunir Íslands fólgnir í því að eldri framleiðslutækni, svo sem á sviði jarðvarma- og vatnsorku, hafi einnig möguleika á þátttöku í kerfunum til jafns við nýrri tækni, svo sem vind- og sólarorku. Jafnframt er vert að taka fram að styrkir til endurnýjanlegra orkugjafa geta haft slæm áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda ef ekki er rétt staðið að verki.

Ísland hefur sérstöðu varðandi nýtingu jarðhita til orkuframleiðslu og kyndingar húsa. Þessari þekkingu hefur verið haldið á lofti gagnvart Evrópusambandinu og skapað þannig innlendum fyrirtækjum tækifæri í Evrópu.

Hvar er málið statt?

Stefnumótun ESB um orkusambandið felur í sér grundvallarendurskoðun löggjafar á orkusviði. Helstu tilskipanir sem varða orkunýtni, raforku, endurnýjanlega orkugjafa og orkuöryggi verða endurskoðaðar.

Aðgerðir

Fylgjast þarf með þróun á styrkjakerfum til endurnýjanlegra orkugjafa.

Fylgjast þarf náið með þróun löggjafar og hvernig hún fellur að hagsmunum Íslands. Þá nýtist aukin þátttaka í vinnu á mótunarstigi bæði við að koma á framfæri sjónarmiðum Íslands ásamt því að auðvelda innleiðingu síðar meir. Ísland þarf að mæta á fundi undirnefnda sem tengjast framangreindu og koma á framfæri afstöðu sinni í opnu umsagnarferli eða á fundum til endurskoðunar gerða þar sem það á við. Nýta þarf tækifæri á óformlegum sem formlegum fundum með framkvæmdastjórn og koma á framfæri sjónarmiðum Íslands.

Fyrirtæki og stofnanir á Íslandi búa yfir mikilvægri sérþekkingu um jarðhitanytingu sem halda þarf á lofti gagnvart Evrópusambandinu. Slíkur vettvangur er til að mynda eftirfylgni af Geothermal Roundtable sem fór fram í Brussel árið 2014.

- **Undanþágur frá tilskipunum um orkunýtni og orkunýtni bygginga**

Rökstuðningur

Ísland hefur fengið undanþágur frá tilskipunum um orkunýtni (e. *Energy efficiency*) og orkunýtni bygginga (e. *Energy Performance of Buildings*) og stefnir að því að svo verði áfram. Ísland hefur undanþágu frá eldri tilskipun um orkunýtni bygginga og hyggst fara fram á undanþágu frá þeirri nýju frá 2010. Ísland hefur þó innleitt tilskipanir sem varða raftæki, þ.e. tilskipanir um visthönnun og orkumerkingar, sem leitt hefur til töluverðs orkusparnaðar. Sérstaða Íslands er fólgin í hárri hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa.

Hvar eru þessi mál stödd?

Báðar tilskipanir eru til skoðunar í EFTA-vinnuhópi um orkumál. Tillaga að breytingu á tilskipunum um orkunýtni bygginga (e. *Energy Performance of Buildings II*) er væntanleg seinni hluta 2016. Varðandi orkunýtni þá er núverandi gerð tiltölulega nýleg og því munu einungis einstaka þættir hennar sæta endurskoðun.

Aðgerðir

Mikilvægt er að koma því á framfæri hvers vegna Ísland hefur sterk rök fyrir undanþágum. Koma þyrfti á beinum viðræðum við háttsetta aðila innan framkvæmdastjórnarinnar um leið og sjónarmiðum Íslands er haldið á lofti innan EFTA-vinnuhópsins. Auk þess þarf að hafa tilbúna áætlun ef ekki næst full undanþága. Þá er mikilvægt að hafa góðan skilning á norska kerfinu fyrir orkunýtni bygginga sem gæti einnig verið hagkvæmur kostur fyrir Ísland.

Loftslagsmál

- **Endurskoðun löggjafar ESB á sviði loftslagsmála, m.a. með tilliti til Parísarsamningsins**

Rökstuðningur

Ísland tekur á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB á öðru tímabili Kýótóbókunarinnar (2013-2020) og stefnt er að því af hálfu Íslands og ESB að svipað fyrirkomulag verði við lýði innan ramma Parísarsamningsins eftir 2020. Þetta fyrirkomulag er talið hagfellt fyrir Ísland þar sem hluti af skuldbindingum Íslands er nú þegar inni í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) í gegnum skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og erfitt er fyrir Ísland að búa við tvöfalt kerfi skuldbindinga. Allar helstu gerðir ESB í loftslagsmálum eru nú í endurskoðun, m.a. til að taka mið af ákvæðum Parísarsamningsins. Íslensk stjórnvöld þurfa að fylgjast grannt með þessari vinnu og koma sjónarmiðum sínum að við ESB. Nauðsynlegt er m.a. að meta getu Íslands til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu út frá sömu aðferðum og viðmiðum og notuð eru hjá ESB-ríkjum. Reynslan hefur einnig sýnt að vakta þarf vel tæknilega vinnu við ákvörðun á reglum og viðmiðum fyrir einstakar greinar og aðgerðir. Þannig hefur m.a. þurft að gæta að viðmiðum um losun í járnblendiframleiðslu og reglur ESB um niðurdælingu koldíoxíðs í jarðlög taka alls ekki mið af íslenskum aðstæðum.

Loftslagsmál varða ekki bara verksvið umhverfis- og auðlindaráðuneytisins heldur einnig flestar atvinnugreinar, auk samgangna, landnotkunar og annarrar starfsemi. Þau eru fyrirferðarmikil í alþjóðlegri umræðu á æðstu stigum og sá þáttur umhverfismála sem hefur fengið mest vægi á alþjóðavísu á undanförunum árum. Ísland hefur að mörgu leyti mikla sérstöðu í loftslagsmálum, bæði á heimsvísu og í samanburði við ríki ESB. Það eru því miklir og margbrotnir hagsmunir í húfi og þarf að sinna loftslagsmálum vel á næstu misserum.

Hvar er málið stadd?

Tillaga um endurskoðun á ETS hefur þegar komið fram hjá framkvæmdastjórninni, en er nú til umræðu hjá aðildarríkjunum og Evrópuþinginu og mun koma fyrir sameiginlegu EES-nefndina, þar sem hún er hluti af EES-samningnum. Framkvæmdastjórnin sendi frá sér tillögur um skiptingu byrða (*e, Effort Sharing* – ákvörðun á hlut ríkja í losun sem eru utan ETS) og um kolefnisbindingu og landnotkun (LULUCF) sumarið 2016. Síðarnefndu reglurnar varða Ísland miklu þar sem miklir möguleikar eru hér á landi á kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu.

Aðgerðir

Ísland þarf að mæta á fundi undirnefnda hjá ESB sem fjalla um einstaka þætti loftslagsmála hjá ESB, eða fylgjast með á fjarfundum og fá aðgang að skýrslum, tillögum og ákvörðunum. Óformlegar samningaviðræður hafa verið við ESB og Norðmenn varðandi sameiginleg markmið innan ramma Parísarsamningsins og tryggja þarf að slíkar viðræður haldi áfram og Ísland komi sjónarmiðum sínum á framfæri eins og ástæða er til, en bíði ekki eftir lokaniðurstöðu í málunum innan ESB. Rétt er að bjóða framkvæmdastjóra loftslagsmála (DG-Clima) hingað til lands til að kynna honum aðstæður og tryggja góða samvinnu á pólitíska sviðinu, auk samskipta embættismanna og sérfræðinga.

Samgöngumál

- **Samræmt evrópskt loftrými 2+ (*e. Single European Sky 2+*)**

Rökstuðningur

Nauðsynlegt er að fylgjast með hagsmunum Íslands við umræður innan ESB um þetta mál. Stærsta hagsmunamálið snýr að umræðum um breytt gildissvið reglnanna um samræmt evrópskt loftrými en núgildandi reglur gilda einungis að hluta til á Norður-Atlantshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO NAT region), þ.e. því svæði sem íslenskt loftrýmið fellur undir. Samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu reglur um samræmt evrópskt loftrými eiga við um loftrými aðildarríkjanna, þ.e. á ICAO-svæðum, EUR, AFI og NAT, en Ísland er einungis með loftrými í síðastnefnda svæðinu. Ljóst er að margvísleg ákvæði löggjafarinnar ganga illa upp við veitingu þjónustu í íslenska loftrýminu þar sem stærsti hluti þess er á úthafi og gilda því reglur ICAO þar. Í meðförum Evrópuþingsins hefur verið gerð sú breyting að afmarka gildissvið reglugerðarinnar við ICAO-svæðin EUR og AFI sem leiðir til þess að reglugerðin og afleiddar gerðir verða þá ekki sjálfkrafa skuldbindandi á því svæði sem loftrými

Íslands tilheyrir. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með því hvernig gerðin þróast og hvort tillögur framkvæmdastjórnarinnar nái aftur inn í drögin.

Hvar er málið statt?

Framkvæmdastjórnin lagði tillöguna fram þann 11. júní 2013. Evrópuþingið lauk fyrstu umræðu þann 12. mars 2014. Tillagan bíður þess að samkomulag náist í deilu Bretlands og Spánar vegna flugvallarins á Gíbraltar en ósættið leiðir til þess að allar tillögur á sviði flugmála sitja fastar í ráðherraráðinu.

Aðgerðir

Skoða þarf vel þau ákvæði sem hingað til hafa einungis gilt á Evrópu- og Afríkuvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO EUR and AFI region) og meta hvort Ísland geti og/eða vilji beita reglugerðarákvæðunum. Verði niðurstaðan sú að reglurnar gildi fullum fetum mun það hafa töluverð áhrif á Íslandi og því mikilvægt að fylgst sé með umræðunni. Athugasemdum vegna tillögunnar ætti helst að reyna að koma á framfæri við Slóvaka sem fara með formennsku í ráðherraráðinu á seinni hluta ársins 2016. Aðrar þjóðir, eins og t.d. Portúgal, eiga einnig hagsmuna að gæta hvað umræðu um gildissviðið áhrærir og eru líklegar til að hafa svipaða afstöðu til málsins og Íslendingar.

• Reglugerð um flugöryggisstofnun Evrópu

Rökstuðningur

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að nýrri reglugerð um flugöryggisstofnun Evrópu. Gerðin er hluti af heildarstefnumótun í almenningsflugi. Í gerðinni er gert ráð fyrir mögulegu framsali á verkefnum frá ríkjum til EASA. Þá eru ýmis ákvæði í tillögunni sem gætu falið í sér talsverðan kostnað fyrir íslensk stjórnvöld.

Hvar er málið statt?

Búist er við því að Evrópuþingið klári yfirferð sína á tillögunni á fjórða ársfjórðungi 2016. Framvinduskýrsla er til umræðu í samgöngunefnd Evrópuþingsins.

Aðgerðir

Vinnuhópur EFTA um samgöngumál sendi EES-EFTA álit til ESB 3. júní síðastliðinn.

Stafrænn innri markaður

• Endurskoðun á fjarskiptaregluverki ESB

Rökstuðningur

Markmið með endurskoðun á fjarskiptaregluverki ESB er að uppfæra regluverkið miðað við nýjar markaðsaðstæður. Gildandi regluverk er að meginstofni til frá 2002, og voru gerðar talsverðar breytingar á því árið 2009. Þær breytingar hafa enn ekki verið teknar upp í EES-samninginn og innleiddar hér á landi, vegna ágreinings um stöðu EES-EFTA-ríkjanna í BEREC, (*Body of European Regulators for Electronic Communications*.) en þau eru nú skilgreind sem áheyrnaraðilar.

Heppilegra væri að þau væru skilgreind sem fullgildir þátttakendur án atkvæðisréttar eða með sambærilega stöðu. Væntingar eru þó um að samkomulag náist um upptöku gerðanna í samninginn á þessu ári og að hægt verði að innleiða þær í fyrirsjáanlegri framtíð, að því gefnu að þátttaka EES-EFTA- ríkjanna verði endurskoðuð við endurskoðun fjarskiptaregluverksins. Vegna þessara vandkvæða í tengslum við breytingarnar frá 2009, sem ekki hefur tekist að taka inn í EES-samninginn, er mikilvægt að fylgja eftir hinum nýju breytingum sem væntanlegar eru og tryggja aðkomu EES-EFTA ríkjanna að BEREC, og koma þannig í veg fyrir áframhaldandi vandamál á þessu sviði.

Hvar er málið statt?

Haustið 2015 hóf framkvæmdastjórn ESB samráð varðandi endurskoðun á fjarskiptaregluverki ESB. Samráðið er liður í undirbúningi á endurskoðun regluverksins og þar er lagt mat á gildandi reglur og hvernig hægt væri að aðlaga þær að þeirri þróun sem orðið hefur á mörkuðum og í tækni. Í lok apríl 2016 birti framkvæmdastjórn ESB skýrslu með helstu niðurstöðum samráðsins.

Tillaga framkvæmdastjórnar ESB mun verða lögð fram í september 2016. Unnin var sameiginleg yfirlýsing ESB og EES-EFTA ríkjanna um að við endurskoðunina yrði aðkoma EES-EFTA-ríkjanna að BEREC endurskoðuð, í tengslum við innleiðingu á breytingunum frá 2009, og væntingar eru um að þær breytingar verði teknar inn í EES-samninginn á næstunni.

Aðgerðir

EES-EFTA álit var sent til ESB 26. nóvember 2015. Fylgjast þarf með þróun á regluverkinu sérstaklega hvað varðar aðkomu EES-EFTA-ríkjanna að evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði fjarskipta, BEREC. Koma mætti sjónarmiðum Íslands á framfæri við háttsetta aðila hjá framkvæmdastjórn ESB. Málið var til umræðu í EFTA-vinnuhópi um fjarskiptamál (ECASIS) 23. júní síðastliðinn.

• Endurskoðun á reglum um net- og upplýsingaöryggi (NIS)

Rökstuðningur

Meginmarkmið með NIS-tilskipuninni er að auka hæfni aðildarríkja til að bæta netöryggi og bregðast við aðstæðum þar sem netöryggi er raskað, bæta samvinnu aðildarríkja á sviði netöryggis, og styrkja stöðir mikilvægra innviða og nauðsynlegrar þjónustu þar sem netöryggi kemur við sögu (orkugeirinn, samgöngur, fjármál, heilbrigðisgeirinn, og nauðsynlegir fjarskipta- og upplýsingatækniinnviðir). Á þessum sviðum verður gerð krafa um að sinna tilteknum lágmarksöryggisráðstöfunum og tilkynna öryggisatvik til innlendra yfirvalda. NIS-tilskipunin mun koma til með að styrkja regluverkið og leiða til aukins netöryggis á Íslandi. Mikilvægt er að fylgjast með þróuninni og undirbúa innleiðingu á tilskipuninni. Nágrannabjóðir okkar leggja æ ríkari áherslu á aukið netöryggi, en Ísland hefur ekki náð að fylgja eftir þeirri þróun heldur hefur dregist aftur úr.

Hvar er málið statt?

Reglur um net- og upplýsingaöryggi hafa verið til endurskoðunar hjá Evrópusambandinu undanfarin ár. Ný tilskipun um net- og upplýsingaöryggi var samþykkt í júlí 2016. Undirbúningur er hafinn að því að taka gerðina upp í EES-samninginn.

Aðgerðir

Mikilvægt er að fylgjast með þróun regluverksins um leið og unnið er að eflingu netöryggisveitar til að tryggja samhæfingu.

Fjármálastarfsemi

- **Tillaga ESB varðandi aðgreiningu innan bankastofnana á fjármögnunar- og viðskiptabankastarfsemi**

Rökstuðningur

Framkvæmdastjórn ESB setti á fót vinnuhóp, undir formennsku Erkki Liikanen, formanns stjórnar Seðlabanka Finnlands og fyrrum meðlims í framkvæmdarstjórn ESB, til að kanna þörf fyrir frekari endurskipulagningu bankakerfisins í Evrópu. Í janúar 2014 birti framkvæmdastjórnin tillögu að nýrri löggjöf sem fjallar m.a. um hversu langt bankar ættu að ganga við að aðgreina fjármögnunar- og viðskiptastarfsemi.

Hvar er málið statt?

Ráðherraráð ESB veitti umboð til samningaviðræðna í júní 2015. Málið er nú til meðferðar í Evrópuþinginu. Þegar niðurstaða þingsins liggur fyrir munu viðræður hefjast milli ráðsins, þingsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Aðgerðir

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur fylgst með málinu frá því að tillagan var lögð fram. Fulltrúi ráðuneytisins hefur fylgst með framgangi málsins og tillögurnar hafa verið hafðar til hliðsjónar við sambærilega vinnu innan ráðuneytisins.

Rannsóknir og nýsköpun

- **Mótun næstu ESB-áætlana á sviði rannsókna og nýsköpunar**

Rökstuðningur

Um 76,5% af heildarframlagi Íslands til EES-samstarfsins rennur til þessa málaflokks og þátttaka í evrópska vísinda- og rannsóknasamstarfinu er afar mikilvæg fyrir Íslendinga, sbr. og stefnu Vísinda- og tækniráðs. Á fyrstu tveimur starfsárum áætlunar Horizon 2020 hafa verið greiddar 27.728.139 evrur í styrki til íslenskra aðila og alls runnu 67.596.455 evrur til íslensks vísindasamfélags úr 7. rannsóknaráætluninni (2007-2013). Ísland á sæti í yfirnefnd og um 20 stjórnarnefndum áætlana Horizon 2020, fulltrúar Íslands sitja í stefnumótandi

vinnuhópum á vettvangi ESB, auk þess sem Íslendingar taka þátt í vinnuhópi EFTA á sviði rannsókna og nýsköpunar og öðru samstarfi þessu viðvirkjandi og hafa því tækifæri til að koma sjónarmiðum og hagsmunum Íslands á framfæri þegar kemur að stefnumótun til framtíðar. Þá fylgist fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis í sendiráðinu í Brussel einnig náið með mótun nýrrar áætlunar og mun vinna að framgangi áherslna af Íslands hálfu í samráði við ráðuneytið og hagsmunaaðila.

Hvar er málið statt?

Haustið 2016 mun framkvæmdastjórn ESB byrja að móta fyrstu hugmyndir að áherslum í næstu rannsókn- og nýsköpunaráætlun sem hefst eftir 2020.

Aðgerðir

Vísindafulltrúi MMRN og aðrir fulltrúar í stefnumótandi hópum ESB og stjórnarnefndum Horizon 2020 munu fylgjast með frá og með næsta hausti til að koma sjónarmiðum og áherslum Íslands að á réttum tíma, í samráði við íslenska hagsmunaaðila.

Betri reglur

- **Taka þátt í endurskoðun fyrirbyggjandi löggjafar innan REFIT**

Rökstuðningur

Á flestum verkefnasviðum ESB hefur verið sett umfangsmikil löggjöf, sbr. t.d. á sviði innri markaðarins. Í framtíðinni mun aukin áhersla verða lögð á endurskoðun og mat á framkvæmd gildandi löggjafar. Innan verkefnisins um betri reglur fellur svokölluð REFIT-endurskoðunar og endurmatsáætlun gildandi löggjafar. Umtalsverður hluti regluverksins sem kemur til endurskoðunar og endurmats hefur verið tekinn upp í EES-samninginn og myndar mikilvægan hluta af íslensku viðskiptaumhverfi. Þannig varðar endurskoðunin Ísland oft beint.

Hvar er málið statt?

Framkvæmdastjórnin gerir grein fyrir efnistöku REFIT (e. *Regulatory Fitness*) í árlegri vinnuáætlun sinni og sætir tiltekin löggjöf þegar endurskoðun. Settur hefur verið á laggirnar nýr REFIT-vettvangur (e. *REFIT-platform*) með þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna og milli 20 og 30 fulltrúa frá hagsmunaaðilum. Unnið er að því að skapa betri yfirsýn innan REFIT og virkja REFIT-vettvanginn til að ákveða efnistöku innan endurskoðunaráætlunarinnar. Þá gefst almenningi og hagsmunaaðilum möguleiki á að koma með ábendingar um það sem betur má fara í regluverkinu í gegnum vefgátt undir heitinu „Léttu byrðarnar-þitt framlag“ (e. *Lighten the Load – Have Your Say*). Unnið er að því að skapa möguleika fyrir aðildarríki og hagsmunaaðila til að koma að athugasemdum á öllum stigum endurskoðunarferilsins og auðvelda yfirsýn yfir þau endurskoðunarferli sem eru í gangi. Þá er unnið að sérstöku REFIT-frammistöðumati og árlegri könnun á reglubyrði.

Aðgerðir

Í gegnum REFIT-verkefnið getur Ísland komið á framfæri athugasemdum við

gildandi löggjöf ESB og jafnvel haft frumkvæði að því að stinga upp á löggjöf sem þarfnast endurskoðunar þegar reynsla er komin á framkvæmd hennar á Íslandi. Þar gæti Ísland haft sitthvað fram að færa í ljósi þess að fyrirtæki eru almennt frekar lítil hér á landi og áhrif íþyngjandi reglusetningar koma ef til vill fyrr fram en annars staðar. Nýta mætti samráðsvettvang með atvinnulífinu til að kalla eftir hugmyndum varðandi EES sem koma mætti á framfæri við framkvæmdastjórnina. Þá er kjörið að nýta EFTA-skrifstofuna og EFTA-sérfræðingahópana til að fylgjast með REFIT endurskoðunum, eins og gert er í dag. Þá mætti einnig vekja athygli innanlands á yfirlit á vef framkvæmdastjórnar ESB yfir samráðsferli um löggjöf í móttun eða löggjöf sem sætir endurskoðun innan REFIT-verkefnisins.

Vinumarkaðurinn

- **Endurskoðun á tilskipun um útsenda starfsmenn**

Rökstuðningur

Útsendir starfsmenn gegna mikilvægu hlutverki á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins og þá sérstaklega í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri. Markmið tilskipunar um útsenda starfsmenn er að stuðla að jafnvægi milli þess að auðvelda veitingu þjónustu yfir landamæri og þess að tryggja að slíkt leiði ekki til félagslegra undirboða í því landi þar sem þjónustan er veitt, og um leið raski samkeppnisstöðu erlendra og innlendra þjónustuaðila. Þekkt vandamál í tengslum við útsenda starfsmenn hafa komið upp í aðildarríkjunum sem tengjast félagslegum undirboðum, svartri atvinnustarfsemi og svokölluðum „skúffufyrirtækjum“ (e. *letter-box companies*), en það hefur verið bundið ákveðnum vandkvæðum fyrir aðildarríkin að fylgjast með starfskjörum útsendra starfsmanna. Færst hefur í vöxt hér á landi að hingað séu sendir útsendir starfsmenn og hefur grunur leikið á um að þeir hafi ekki fengið greidd laun eða notið annarra starfskjara í samræmi við íslenska kjarasamninga. Markmiðið með tillögu framkvæmdarstjórnarinnar er að tryggja betur að útsendir starfsmenn njóti að lágmarki sömu kjara og launafólk í því landi sem þeir starfa í hverju sinni. Þannig megi koma í veg fyrir félagsleg undirboð og að samkeppnisstöðu fyrirtækja verði raskað.

Hvar er málið statt?

Tillaga framkvæmdastjórnar ESB fór til umfjöllunar í aðildarríkjunum ESB og nýttu ellefu þeirra þann möguleika að gefa tillögunni „gula spjalðið“. Til að bregðast við þessu hefur framkvæmdastjórn ESB gefið frá sér yfirlýsingu um að tillagan brjóti ekki í bága við nálægðarregluna og að hún verði því ekki dregin til baka.

Aðgerðir

EFTA-vinnuhópur um frjálsa för launafólks og EFTA-vinnuhópur um vinnurétt og vinnuvernd munu fylgjast mjög vel með framgangi málsins innan Evrópusambandsins. Áhersla mun verða lögð á að EES-EFTA-álit verði sent til Evrópusambandsins. Einnig er mikilvægt að samtök aðila vinnumarkaðarins fylgist vel með framgangi málsins og hafi áhrif bæði á vettvangi EFTA sem og með þátttöku í starfi samtaka þeirra á Evrópuvísu sem þau eiga aðild að.